



BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort hundaeftirlitið borgi leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur - R20010132

Almennt: t-póstur

Málsnúmer: 2020020004

Málalyklar: 25.1.1 Hundahald - gæludýrahald - Leyfi

Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 03.02.2020 00:00:00

Dagsetning skjals: 03.02.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dags: 3.2.2020 09:57:23

Til: USK Þjónustu netfang; Heilbrigðiseftirlit

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort hundaeftirlitið borgi leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur - R20010132

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort hundaeftirlitið borgi leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur er send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort hundaeftirlitið borgi leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur - R20010132

BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort hundaeftirlitið borgi leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur - R20010132

Fram kemur í svari frá Heilbrigðiseftirlitinu að öll starfsemi HER er staðsett í Borgartúni 12 eins og fram kemur á heimasíðu, á bréfsefnum og í undirskriftum starfsmanna, Þá er spurt: Er Hundaeftirlitið að borga leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur? Ef svo er, hver er sú upphæð á ári? Í svari frá HER segir að „innri leiga er greidd til eignasjóðs Reykjavíkurborgar sem er reiknuð eftir sömu reglum og aðrar einingar HER hjá Umhverfis- og skipulagssviði greiða og miðast við fjölda starfsmanna hvernar einingar. Tveir starfsmenn gera 1% af starfsmönnum sviðsins í húsinu og er leigan um 3,7 milljónir á ári.“ Spurt er þá hvort þetta þýði þá að Umhverfis- og skipulagssvið sé að greiða 30 milljónir á mánuði í húsaleigu, fyrir 200 starfsmenn? Kvartað hefur verið undan að hundaleyfisgjald sé jafnvel talið hærra en nemi kostnaði sem borgin hefur af hundahaldi, spurt er í hvað hundagjöldin fara. HER kannast ekki við slíkar kvartanir enda sé „reksturinn gagnsær. Í þessu sambandi vill Flokkur fólksins spyrja hvort kvörtun HRFÍ til Umboðsmanns Alþingis árið 1994 sé gleymd?
<https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/180/skoda/reifun> Því miður krafðist Umboðsmaður

Alþingis ekki rannsóknar á fjármálum eftirlitsins á þeim tíma.



- OutlookMessageContent.msg

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram í borgarráði þann 30. janúar 2020, málsnúmer R20010132 varðandi kostnað hundeigenda við hundaathvörf.

Spurt er „ef sveitarfélögum er skylt að hafa athvarf, hvers vegna borga ekki allir útsvarsgreiðendur fyrir það eins og aðrar skyldur sveitarfélaga?“. Eins og fram hefur komið í áður framlögðum svörum HER við fyrri fyrirspurnum og tillögum áheyrnarfulltrúans, þá skal ítrekað að sveitarfélögum er skylt að reka dýraathvörf skv. dýraverndunarlöggið. Allir útsvarsgreiðendur sveitarfélaga taka þátt í slíkum kostnaði en ekki hundeigendur eingöngu. Jafnframt er bent á að sveitarfélagið Reykjavík er eitt fárra sem uppfyllir þessar skyldur. Hundeigendur greiða hins vegar fyrir sérhverja vistun sinna hunda þegar eftir því sem við á. Hundar í vörslum HER hvort sem þeir eru skráðir eða óskráðir, eru vistaðir í til þess gerðum geymslum hvort sem það er vegna lausagöngu eða annarra brota á hundasamþykkt.

Þá skal vikið að fyrri óskum áheyrnarfulltrúans um að Innri endurskoðun geri úttekt á fjármálum hundaeftirlits „enda velta margir fyrir sér í hvað hundagjöld eru notuð....“ eins og það er orðað í fyrirspurninni. Þessu atriði hefur ítrekað hefur verið svarað á ýmsum vettvangi og síðast í svörum og umsögnum HER til áheyrnarfulltrúans og borgarráðs í janúar. Ekkert hefur breyst síðan.

Um er að ræða þjónustugjöld sem lögð eru á skv. reglum sem um þau gilda og auglýsingu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nr. 254/1999 hvað megi leggja til grundvallar gjöldunum. Öll þjónustugjöld hjá HER þ.á.m. hundaeftirlitsgjöld eru reiknuð út samkvæmt reglunum og ákvæðum í heilbrigðissamþykktum og eru byggð á heimildum í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Heilbrigðisnefnd/umhverfis- og heilbrigðisráð hefur þegar vísað frá tillögu um úttekt Innri endurskoðun á rekstri hundaeftirlits hjá HER enda hafa allar upplýsingar um rekstur hundaeftirlits verið opinberar um langa hríð.

Spurt er að lokum um mismun á milli upplýsinga vegna launa ársins 2018 á heimasíðu Reykjavíkurborgar (Opin fjármál) og heimasíðu hundeftirlits. Skýringin er sú að heimasíða Reykjavíkurborgar birtir eingöngu laun tveggja hundaeftirlitsmanna á ákveðnum kostnaðarstað hundaeftirlitisins en á heimasíðu hundaftirlits eru öll laun tiltekin bæði hundaftirlitsmanna sem og stoðþjónustu (þjónusta ritara, lögfræðiráðgjöf, framkvæmdastjórn o.þ.h.) sem hundaftirlitsgjöld eiga að standa undir skv. ákvæðum gjaldskrár.

Reykjavík 10. febrúar 2020

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram í borgarráði þann 30. janúar 2020, málsnúmer R20010132 varðandi hvort hundaeftirlitið borgi leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur.

Spurt er hvort hundaeftirlitið borgi „leigu fyrir aðstöðu fyrir hundageymslur“. Hundaeftirlitið greiðir kostnað til rekstaraðila dýrageymslu Reykjavíkurborgar einungis þegar hundar eru vistaðir þar og innheimtir síðan geymslugjaldið hjá viðkomandi hundeiganda finnst hann eða ef vitað er hver hann er. Ekki er greidd föst leiga fyrir ákveðinn búrafjölda eins og áður.

Spurt er um innri leigu Umhverfis- og skipulagssviðs á húsnæði að Borgartúni 12-14. Gjaldfært er á hundaeftirlit vegna innri leigu húsnæðisins í réttu hlutfalli við starfsmannafjölda, nákvæmlega eins og aðrar rekstrareiningar sviðsins. Heildarfjárhæð leigunnar má sjá á heimasíðu borgarinnar.

Enn og aftur er spurt um í hvað hundagjöldin fara og er HER ljúft og skylt að svara því enn og aftur. Gjöldin fara í að standa undir rekstri hundaftirlitsins eins og samþykkt um hundahald í Reykjavík kveður á um og heimild er fyrir í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Við ákvörðun gjalda er farið að þeim reglum sem gilda um þjónustugjöld sbr. auglýsingu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nr. 254/1999 og öll þjónustugjöld HER miðast við.

Flokkur fólksins spyr hvort kvörtun HRFÍ til umboðsmanns Alþingis árið 1994 sé gleymd. Ekki er alveg skýrt við hvað er átt með spurningunni. Álitid er í fullu gildi enda ekkert í því sem er tilefni til athugasemda við rekstur hundaftirlits hjá HER. Bent á að á þeim tíma, sem álitid var gefið út, var verið að setja stjórnýslulög, allt verklag stjórnýslustofnanna í endurskoðun og kröfur um gagnsæi urðu sífellt meiri. Jafnframt hafa reglur um hvað megi setja í þjónustugjöld verið settar gagnvart heilbrigðiseftirlit í landinu eins og marg oft hefur komið fram. Ítrekað hefur verið sýnt fram á lögmati gjaldtöku HER vegna hundaftirlits miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

Að öðru leyti vill HER taka fram og leiðrétta það sem virðist útbreiddur misskilningur að lög og reglur sem gilda um hundaftirlit séu tilbúnaðar starfsfólks hundaftirlits HER. Heilbrigðisnefndir á hverjum stað ráða til sín starfsfólk hverju sinni til að framfylgja settum lögum, reglugerðum og samþykktum sem taka til lögboðinna verkefna heilbrigðisnefnda. Það er nefndanna og starfsfólks nefndanna sem starfa í þeirra umboði að framfylgja regluverkinu og svo annarra að fara að því í þessu tilfelli hundeigenda. Lög í landinu eru sett af Alþingi, reglugerðir af ráðuneytum og heilbrigðissamþykktir, eins og samþykkt um hundahald í Reykjavík, af viðkomandi heilbrigðisnefnd. Athugasemdir við gildandi reglur og það sem betur mætti fara í þessum efnum, skal beina til réttara aðila þannig að mögulega náist fram lagfæringar eða úrbætur, þar sem þörf er á. Einnig er skal tekið fram að í mörg ár hefur HER bent á leiðir til einföldunar er varðar dýraeftirlit almennt.

Núverandi borgaryfirvöld eru með í samstarfssamningi sínum ákvæði um að endurskoða núgildandi reglur um dýrhald í borginni og er stýrihópur að störfum sem fer yfir málaflokkinn í heild sinni. Þangað er hægt að beina hugmyndum um úrbætur á hundaftirliti í borginni sem og til undirritaðrar, sem kemur þeim fúslega á framfæri við stýrihópinn.

Reykjavík, 10. febrúar 2020

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri